

Ed.

394. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um útsvör, nr. 106 23. júní 1936.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir 27. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Heimilt er hreppsnefnd með samþykki sýslunefndar og bæjarstjórn með samþykki ráðherra að ákveða gjalddaga og innheimtu á útsvörum sem hér segir:

- a. Frá byrjun næsta mánaðar eftir að niðurjöfnun útsvara er lokið er sérhver kaupgreiðandi, sem hefir fasta starfsmenn í þjónustu sinni, hvort sem kaup þeirra greiðist vikulega, mánaðarlega eða á annan hátt, skyldur til að halda eftir að kaupinu fyrir hvern mánuð, að undanskildum júlímánuði og desembermánuði, upphæð, er nægi til fullnaðargreiðslu á útsvarinu á 10 mánuðum, miðað við jafnar greiðslur mánaðarlega.

Vilji bæjarstjórn eða hreppsnefnd haga innheimtunni eins og að framan segir, er þeim skylt að senda hverjum kaupgreiðanda, í tæka tíð eftir niðurjöfnun útsvara, tilkynningu um útsvör þeirra gjaldenda, sem hann hefir í þjónustu sinni, og krefjast þess, að hann haldi eftir áskildri upphæð af kaupinu.

Ber bæjarstjórn eða hreppsnefnd að láta kaupgreiðanda í té tvíritaða kvittanaeyðublaðabók, er sýni glögg, að um útsvarsgreiðslu sé að ræða. Kaupgreiðanda er skylt að láta útsvarsgreiðanda slíka kvittun í té í hvert sinn, er hann greiðir upp í útsvar sitt. Samriti af kvittuninni ber kaupgreiðanda að skila um leið og hann afhendir útsvarsgreiðslurnar til bæjar- eða hreppssjóðs.

- b. Nú hefir kaupgreiðandi í þjónustu sinni daglaunafólk, farmenn, fiskimenn, ákvæðisvinnufólk eða annað starfsfólk, sem ekki er á föstu árskaupi eða mánaðarkaupi, og skal hann þá skyldur til, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd tilkynnir honum, eftir sömu reglum og í a-lið segir, að halda eftir við hverja útborgun sem útsvarshluta allt að 10% af kaupni útsvarsgreiðanda. Ekki má krefja útsvarshluta af manni, ef kaup hans fullnægir ekki brýnustu lífsþörfum hans, að dómi framfærslunefndar. Ekki er skylt að halda eftir útsvarshluta af minni útborgunarupphæð en 40 kr., enda líði þá minnst vika á milli útborgana.

Geri menn út til fiskjar í félagi upp á hlut, eða stundi aðra atvinnu í félagi með sama greiðslufyrirkomulagi, ber formanni fyrirtækisins að halda eftir vegna útsvarsgreiðslu allt að 10% af fé því, sem hver útsvarsgreiðandi ber úr bytum.

Nú tekur fiskimaður aflahlut af launum og selur hann öðrum, og færast þá ofangreind skylda yfir á kaupanda aflahlutar.

Ákvæðið gildir þar til kaupþiggjandi eða hlutarmaður hefir lokið útsvarsgreiðslu sinni, enda þótt komið sé nýtt gjaldár, en heimilt er að innheimta hjá honum eftirstöðvar útsvarsins með lögtaki eða á annan hátt, þegar sýnt er, að fullnaðarskil fást ekki á þennan hátt fyrir gjaldárslok. Sé heimildargrein þessi notuð, má ekki reikna dráttarvexti af útsvörum þeim, er undir hana heyra, á því gjaldári, sem útsvörin eru á lögð.

- c. Upphæðum þeim, sem innheimtast samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar, heldur kaupgreiðandi sérgreindum sem geymslufé og stendur skil á þeim til bæjar- eða sveitarsjóðs a. m. k. mánaðarlega. Formaður fyrirtækis hlutarmanna stendur bæjar- eða sveitarsjóði skil á útsvarsgreiðslum þeirra, þegar útborganir hluta fara fram.

Nú ber svo til, að útsvarsgreiðandi hefir verið krafinn af kaupgreiðanda, einum eða fleirum, um hærri upphæð en útsvar hans nam á gjaldárinu, og er bæjarsjóði eða sveitarsjóði þá skylt að endurgreiða þá upphæð til viðkomandi útsvarsgreiðanda eða heimilis hans, ekki síðar en viku eftir að bæjar- og sveitarsjóði barst hún.

Útsvarsgreiðandi á í þessum tilfellum aldrei kröfu á kaupgreiðanda um endurgreiðslu, en bæjar- eða sveitarsjóði er jafnan skylt að endurgreiða útsvarsgreiðanda, án tillits til, hvort kaupgreiðandi hefir staðið í skilum eða ekki. Hið sama gildir, ef útsvarsgreiðandi hefir kært útsvar sitt og fengið það lækkað.

- d. Verzlanir, iðnfyrirtæki, skráð útgerðarfélag og önnur sambærileg útsvarskyld fyrirtæki, hvort sem er einstakra manna eign eða féлага, skulu greiða útsvör sín mánaðarlega, og fellur fyrsta mánaðargreiðsla í gjalddaga 1. dag næsta mánaðar eftir að niðurjöfnun útsvara er lokið. Hin mánaðarlega greiðsluupphæð reiknast út á þann hátt, að deila mánaðarfjölda þeim, sem eftir er af gjaldárinu, þegar niðurjöfnun er lokið, í útsvarsupphæðina.

Vanræki kaupgreiðandi eða formaður skil samkv. a-, b- og c-lið þessarar greinar, má taka upphæðir þær, er honum ber að sjá um greiðslu á, lögtaki hjá honum sjálfum.

2. gr.

3. málsgr. 29. gr. laganna fellur niður.

3. gr.

Í stað orðsins „gestarétti“ í síðustu málsgr. 29. gr. laganna komi: bæjarþingi eða aukarétti.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.